



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 18. júní 2013.

Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (1. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að fallið er frá hækkun VSK á gistinætur.

Viðskiptaráð lagðist gegn hækkun VSK á gistinætur og tók þar undir varnarorð Samtaka ferðaþjónustunnar¹ varðandi skamman fyrirvara, áhrif hækkunarinnar á „svarta“ markaðinn, aukið flækjustig sem þegar var nægt í ferðaþjónustunni og takmörkuð tekjuöflunaráhrif.² Þó Viðskiptaráð sé almennt hlynnt samræmingu VSK-þrepa er ljóst að svo stórtækar breytingar þarf að gera með löngum fyrirvara og í góðu samstarfi við hagsmunaaðila – sem var ekki til að dreifa í þessu tilviki.

Viðskiptaráð fagnar því þeirri breytingu sem frumvarp þetta hefur að geyma en á sama tíma vekur athygli á mikilvægi þess markmiðs að ná jafnvægi í ríkisfjármálum sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands

¹ Sjá [umsögn SAF](#) við 468. þingmál.

² Sjá [umsögn VÍ](#) við 468. þingmál.